

Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks:

5. fundur Verkefnahóps um Byggðasamlag Vestfjarða.

Árið 2011, mánudaginn 4. apríl kl. 10.00 kom verkefnahópur Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks, saman til fundar með aðstoð síma.

Mætt voru til fundar:

Arnheiður Jónsdóttir, verkefnastjóri Byggðasamlags Vestfjarða (í síma)

Elsa Reimarsdóttir, félagsmálastjóri, félagsþjónustu Vestur Barðastrandasýslu (í síma)

Guðný Hildur Magnúsdóttir, félagsmálastjóri félagsþjónustunnar við Djúp (í síma)

Hildur Jakobína Gísladóttir, félagsmálastjóri Stranda og Reykhóla (í síma)

Margrét Geirsdóttir, félagsmálastjóri Ísafjarðarbæjar (í síma).

Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri (í síma).

Gengið til dagskrár:

1. Fundargerð 4. Fundar þann 23. Mars 2011
Lög fram fundargerð verkefnahóps frá 4. Fundi sem haldinn var þann 23.mars s.l. Drög að fundargerð voru send út í tölvupósti þann 28.mars s.l. engar athugasemdir bárust og fundargerð send í endanlegri mynd með tölvupósti 1.apríl s.l.. Fundargerðin borin upp og samþykkt.
2. Umsókn til Jöfnunarsjóðs vegna breytinga á húsnæði og skammtímavistunar.
Verkefnastjóri kynnti viðræður sem hún hefur átt við Fasteignasjóð Jöfnunarsjóð sveitarfélaga um húsnæðisál skammtímavistunar á Ísafirði í framhaldi af fundi verkefnahóps 23. mars s.l.. MG kynnti vinnu Ísafjarðarbæjar varðandi þetta mál. Jöfnunarsjóður óskar eftir að BS Vest sendi inn umsókn og greinargerð vegna skammtímavistunar og breytinga í búsetuþjónustu, fyrir fund Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs, sem væntanlega verður haldinn strax eftir páska.
3. Stefnumótun – skipulag, dagsetning fundar.
Stefnt er á að verkefnastjóri og félagsmálastjórnir komi saman til fundar í Heydal í Mjóafirði þann 5. og 6. maí n.k. til að vinna að stefnumótun BS Vest. Nánara skipulag ferðarinnar verður kynnt þegar nær dregur.
4. Ferill erinda.
Verkefnastjóri kynnti efni minnisblað um móttöku og afgreiðslu erinda til BS Vest.
Verkefnahópur samþykkir tillögu verkefnisstjóra og felur félagsmálastjórum að kynna efni minnisblaðsins fyrir sveitarfélögunum.
5. Fjarvera verkefnastjóra.
Verkefnastjóri tilkynnti frídaga frá og með 5.apríl til og með 14.apríl.
6. Næsti fundur Verkefnahóps. Samþykkt að boða til fundar föstudag 20. maí kl 13.30. Efni fundarins verður endurskoðuð fjárhagsáætlun. Sé ástæða til fundar um húsnæðismál skammtímavistunar verður